

Ed. 584. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. 4. gr. orðist svo:
I-liður 25. gr. orðist svo:
Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
Af fyrstu 16000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.
Af 16000—48000 kr. greiðist 800 kr. af 16000 kr. og 10% af afgangi.
Af 48000—80000 kr. greiðist 4000 kr. af 48000 og 15% af afgangi.
Af 80000—112000 kr. greiðist 8800 kr. af 80000 og 20% af afgangi.
Af 112000—144000 kr. greiðist 15200 kr. af 112000 og 25% af afgangi.
Af 144000 kr. og yfir greiðist 23200 kr. af 144000 og 30% af afgangi.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „skattvísitölu, sem ... og ríkisskattstjóra“ komi: verðlagsvísitölu, og skal miða við meðalvísitölu tekjuöflunarársins.